

Sp.

180. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1963.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin er sammála um þær breytingartillögur, sem fluttar eru á þskj. 175 sameiginlega af allri nefndinni, en fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins hafa þó áskilið sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum við einstaka liði frv. og hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar.

Nefndin hóf athugun á frv. 17. okt. og hefur síðan haldið 42 fundi um málið auk margháttaðra viðræðna og athugana utan funda. Nefndin hefur athugað og fjallað um á sjöunda hundrað bréfa og erinda frá ráðuneytum, ríkisstofnunum, félagasamböndum, félögum og einstaklingum. Enn fremur var rætt við forstöðumenn margra stofnana ríkisins og eftir því sem unnt var við fjölmarga aðra, sem óskuðu viðtals við hana. Nefndin hefur hraðað störfum sínum, svo að unnt verði að afgreiða fjárlög endanlega fyrir áramót.

Afgreiðsla frv. er við það miðuð að hækka gjaldaliði frv. ekki meira en svo, að það rúmist innan þeirrar hækkunar, sem talið er fært að gera á tekjuhlið frv. eftir þeim upplýsingum, sem nú eru tiltækar um afkomu þessa árs. Af þessum sökum hefur ekki verið unnt að koma til móts við óskir um aukin fjárframlög til ýmissa mála, sem nefndarmenn hefðu þó gjarnan viljað styðja.

Fjárlagafrv. sýnir, að enn er gætt fyllsta sparnaðar í rekstri ríkisins og stofnana þess. Þeir áfangar, sem þegar hafa náðst til sparnaðar, reynast vel, og sýnt er, að stefnt er að aukinni hagsýni og frekari sparnaði, þar sem því verður við komið. Þess er þó vandlega gætt að breyta ekki til, fyrr en vandleg athugun hinna færustu manna, sem völ er á hverju sinni, hefur leitt í ljós, hvar og á hvern hátt bezts árangurs sé að vænta.

Í tillögum nefndarinnar, eins og þær liggja fyrir nú, er tekjuhlið frv. hækkuð nokkru meira en gjaldahliðin. Það er vegna nokkurra gjaldaliða, sem vitað er um, en bíða fullnaðarafgreiðslu til 3. umræðu.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir helztu breytingartillögum nefndarinnar.

Um 10. gr.

Kostnaður við sendiráðið í París hækkar um 78 400 kr. vegna nauðsynlegrar aukningar starfsliðs.

Um 11. gr.

Lögð er til hækkun til áfengisvarnaráðs og Stórstúku Íslands, 50 þús. kr. til hvors aðila. Til fangahjálpar hækkar um 40 þús. kr. Borgardómaraembættið hækkar vegna fjölgunar dómara um 109 266 kr. Nýr liður er 150 þús. kr. framlag til kaupa á asdictækjum fyrir landhelgisgæzluna.

Um 12. gr.

IV. liður A. 4, annar kostnaður Landsspítalans, hækkar um 150 þús. kr. vegna endurbóta. D-liður, heilsuhælið á Vífilsstöðum, hækkar um 300 þús. kr. vegna holræsagerðar, en annar kostnaður lækkar um 120 þús. kr.

IV. F., geðveikrahælið á Kleppi, annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. VI. liður, rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa, hækkar um 250 þús. kr. vegna fjölgunar legudaga. XXVIII. liður, byggingarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands, hækki um 100 þús. kr. Nýir liðir eru 65 þús. kr. til vírusrannsóknna, 350 þús. kr. til rannsókna á geislavirkni matvæla og 200 þús. kr. til lækningatækja samkv. lögum.

Um 13. gr. A.

Framlagi til nýrra akvega er skipt á einstaka vegi. Liðurinn II. e., til samgöngu-bóta á landi, hækkar um 4 millj. kr. III. liður, til brúargerða, er óbreyttur frá frv. að öðru en því, að framlag til smábrúa hækkar um 1 millj. kr. V. liður, fjallvegir, lækkar um 375 þús. kr. XIII. liður, styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn, hækkar um 30 þús. kr. XIV. liður, til fyrrverandi vegaverkstjóra, lækkar um 232 þús. kr. Hækkun þessi hefði annars komið á 18. gr. Nýir liðir eru þessir: Vegna öryggisþjónustu með snjóbífreiðum 20 þús. kr. Ferjubryggjur 200 þús. kr. Til endurbóta veitingaskálans við Gullfoss 100 þús. kr. 200 þús. kr. vegna síma-
eða talstöðvasambands við sæluhús.

Um 13. gr. C.

Framlagi til hafnarmannvirkja er skipt á einstakar hafnir. VIII. liður, til hafnarbótasjóðs, hækkar um 3.3 millj. kr. Nýr liður: til greiðslu á eftirstöðvum lögboðins framlags ríkissjóðs, 4 millj. kr.

Um 13. gr. D, E og F.

D. X., alþjóðaflugþjónusta, er leiðrétting. Liðurinn lækkar um 22 101 kr. Breyting á D. XII., veðurþjónusta á Grænlandi og lóranstöð í Færeyjum, er einnig leiðrétting. Liðurinn hækkar um 33 035 kr. E. III. breytist samkv. leiðréttingum á 13. gr. D., og tveir gjaldaliðir veðurfarsdeildar Veðurstofunnar hækka samtals um 55 þús. kr. Nýir liðir undir F.: Til kaupa á prentvél 100 þús. kr. Til jarðfræðikortagerðar 20 þús. kr.

Um 14. gr. A.

IV. k., menntaskólinn í Reykjavík, annar kostnaður, hækkar um 525 088 kr. VII. 2., handíðadeild kennaraskólans, hækkar um 60 þús. kr. vegna áhaldakaupa. X. 23, framlag til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra, hækkar um 8615 þús. kr. XI. 31, framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla, hækkar um 4244 þús. kr. XI. 36, kostnaður við landspróf, hækkar um 22 500 kr. Nýir liðir: Til lagningar skolpveitu vegna skólanna á Laugarvatni 500 000 kr. og til leiðbeininga um starfsfræðslu og til skólastjóramóts, 30 þús. kr. til hvors liðar. XV. 2, til íþróttasjóðs, hækkar um 750 þús. kr. XV. 7, íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar, hækkar um 20 þús. kr. XV. 8, íþróttaskóli í Reykjadal, hækkar um 25 þús. kr. XV. 11, til utanfara og námskeiða íþróttamanna, hækkar um 70 þús. kr. Nýr liður: til Ólympíufarar íþróttamanna 250 þús. kr. XVIII., barnaverndarráð, hækkar um 20 þús. kr. XXIII., Skáksamband Íslands, hækkar um 25 þús. kr.

Um 14. gr. B.

Liðurinn B. I. 2, framlag til bókakaupa landsbókasafnsins, hækkar um 100 þús. kr. Nýr liður: ljósritun kirkjubóka í Þjóðskjalasafni, 25 þús. kr. B III. 13, til að minnast aldarafmælis þjóðminjasafnsins, hækkar um 25 þús. kr. Nýr liður: skólaminjasafn, stofnkostnaður, 25 þús. kr. V. 8, náttúrugripasafnið, hækkar um 15 þús. kr. XI. 15, fræðslumyndasafn ríkisins, hækkar um 200 þús. kr. Nýr liður: 5000 kr. til norræns bókasafns í París. XII. 13, Vísindafélag Íslendinga, hækkar um 25 þús. kr. XII. 29, íslenzkir stúdentar í Kaupmannahöfn, hækkun um 3000 kr. XII. 30, Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn, hækkun um 20 þús. kr. XII. 38, þátttaka Íslands í útgáfu menningarsögu Norðurlanda, hækkun um 25 þús. kr. Nýir liðir: Til útgáfu manntalsins 1890 30 þús. kr. Til Jóns Dúasonar til útgáfustarfsemi 60 þús. kr. Til Halldóru Bjarnadóttur til útgáfustarfsemi 50 þús. kr. Til íslenzks Linguaphonenámskeiðs 50 þús. kr. Til útgáfu úrvals norrænna bókmennta á ensku 50 þús. kr. Til Ingvars Brynjólfssonar til íslenzk-þýzkrar orðabókar 25 þús. kr. XIII., til skálda, rithöfunda og listamanna, hækkar um 300 þús. kr. Nýr liður: vegna listiðnsýningar í París 49 840 kr. XLII., til leikstarfsemi, hækkar um 192 þús. kr. XLIV., til tónlistarskóla, hækkar um 260 þús. kr. Niður falla tveir skólar, sem starfa ekki lengur. Tvær lúðrasveitir hækka um samtals 20 þús. kr. Nýir liðir: María Markan Östlund til söngkennslu 10 þús. kr. Ketill Ingólfsson til náms í píanóleik 8000 kr. Jón Sigurðsson vegna framlags til atvinnusögu sjávarútvegsins 10 þús. kr. LXXV. liður, til endurbóta á Þingvöllum og Þingvallabæ, hækkar um 160 þús. kr. Nýr liður: Zontaklúbbur Akureyrar til lóðarkaupna 50 þús. kr.

Um 15. gr.

Nýr liður: Til Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar í Hólastifti vegna byggingar sumarbúða 100 þús. kr.

Um 16. gr. A.

1. liður, Búnaðarfélag Íslands, hækkar um 400 þús. kr. 7. liður, verkfæranefnd, 100 þús. kr. hækkun. 9. a. 2, til verðlauna á nautgripasýningum, 30 þús. kr. hækkun. 9. e. hækkar um 214 þús. kr. vegna nýrra stöðva. 14. liður a og e hækkar vegna nýrrar löggjafar um 2250 þús. kr. 17. liður hækkar vegna nýrra fyrirhleðslna um 355 þús. kr. 18. liður, sjóvarnargarðar, hækkar um 50 þús. kr. 19. liður, sandgræðsla, hækkar um 250 þús. kr. 25, veiðimálaskrifstofan, hækkar um 71 231 kr. 28. liður c., styrkur til að stunda dýralækningar, hækkar um 13 400 kr. vegna fjölgunar. 32. liður b., sauðfjársjúkdómavarnir, hækkar um 200 þús. kr. 40. liður b. 1, bændaskólinn á Hvanneyri, hækkar um 81 600 kr. 7. liður, til tilrauna, hækkar um 40 þús. kr. 41. liður, húsmæðraskólar utan kaupstaða, hækkar um 167 þús., aðallega vegna aukins viðhalds, og framlag til byggingar skóla hækkar um 510 þús. kr. 43. liður, til Kvenfélagasambands Íslands, hækkar um 60 þús. kr. 47. liður, til landþurrkunar, hækkar um 60 þús. kr.

Um 16. gr. B.

1. liður, Fiskifélag Íslands, hækkar um 250 þús. kr. 5. liður, til haf- og fiskirannsóknna, hækkar um 500 þús. kr. 8. liður, fiskleit, sildarrannsóknir og veiðitilraunir, hækkar um 2 millj. kr. Nýr liður: til aflatryggingasjóðs vegna aflabrests togara 15 millj. kr. Vegna nauðsynlegs aukins kostnaðar við fiskmatið hækkar 12. liður um 100 þús. kr.

Um 16. gr. C, D og E.

C. 5, iðnfræðsluráð, hækkar um 46 þús. kr. D. X., jarðhitasjóður, hækkar um 200 þús. kr. D. XIII., jarðboranir að Lýsuhóli, falli niður. E. Nýir liðir: Til kornræktartilrauna 200 þús. kr. Til endurnýjunar bifreiða 55 þús. kr. E. IV. 1, Verzlunarskóli Íslands, hækkar um 230 þús. kr. IV. 2, Samvinnuskólinn, hækkar um 100 þús. kr.

Um 17. gr.

Nýr liðir: Til vatnsöflunar á Hellnum, í Tunguplássi og Hofnúni samtals 100 þús. kr. Til kortagerðar af ræktunarlandi á Suðurlandsundirlendi 40 þús. kr. Þátttaka í kostnaði við skipulag miðbæjar Akureyrar 100 þús. kr. III. 5, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, hækki um 25 þús. kr. V. 3. b., tíu elliheimili komi í stað níu og liðurinn hækki um 40 þús. kr. V. 8. a., Barnavinafélagið Sumargjöf, hækki um 85 þús. kr. Nýr liður: Til byggingar fjögurra dagheimila, styrkur samtals 240 þús. kr. V. 14. b., til útgáfu bóka á blindralettri, hækki um 37 þús. kr. Nýr liður: Til félagsmálastofnunar 25 þús. kr. V. 16, Dýraverndunarfélag Íslands, hækkar um 15 þús. kr. V. 17. a., Ungmennafélag Íslands, hækki um 75 þús. kr. 17. c., Bandalag skáta, hækki um 100 þús. kr. Nýr liður: skátafélagið Hraunbúar 25 þús. kr.

Um 20. gr.

III. liður, stjórnarráðshús, hækkar um 1 millj. kr. Nýr liður: Til endurbóta og bygginga á Kristnesi. X. liður, byggingar á Keldum, hækki um 300 þús. kr. XI. 8, Hvanneyri, hækki um 900 þús. kr. Nýr liður: Íþróttakennaraskólinn, heimavist, 500 þús. kr. XII. liður, byggingar á prestssetrum, hækki um 500 þús. kr. XV. liður, héraðsdómarabústaðir, hækki um 500 þús. kr. XVII. liður, ríkisfangelsi, hækki um 1 millj. kr. XVIII. liður, til að lána til rafstöðva, þar sem rafveitur ríkisins ná ekki til, hækki um 500 þús. kr. XXIII. liður, embættisbústaðir dýralækna, hækki um 100 þús. kr. Nýr liður: til að lána til landkaupa í kaupúnum 2 millj. kr.

Um 22. gr.

III. liður: Sínum fyrir blinda fjölgi um 5. XXV liður: Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 25 aura af hverjum seldum ómerktum vindlingapakka. Nýir liðir: Að gefa sveitarsjóði Höfðahrepps eftir greiðslu tveggja skuldabréfa. Að ábyrgjast allt að 970 þús. þýzkra marka lán fyrir Guðmund Jörundsson útgerðarmann, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar. Að festa kaup á listaverki til skrifstofubyggingar Bernarsambandsins í Genf, allt að 50 þús. kr. Að greiða Sigurði Ólafssyni allt að 200 þús. kr. vegna flugvélaverka. Að selja gamalt pósthús o. fl. í Hafnarfirði. Að gefa Slysavarnafélagi Íslands eftir lán að upphæð 600 þús. kr. Að kaupa plöntusafn Eypórs Einarssonar. Að kaupa grasasafn Helga Jónassonar. Að taka allt að 3 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna. Að taka allt að 1 millj. kr. lán fyrir rannsóknarstofu háskólans við Barónsstíg til byggingar. Að ábyrgjast lán allt að 35 millj. kr. til bygginga og endurbóta á síldarverksmiðjum og síldarumhleðslustöðvum. Að greiða úr ríkissjóði halla af rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Tekjuliðir.

Hækkanir ákveðnar í samráði við forstjóra Efnahagsstofnunar ríkisins.

2. gr.

1. Tekju- og eignarskattur hækki um 10 millj. kr. 3. Verðtollur um 10 millj. kr. 5. Gjald af innlendum tollvörum um 1 millj. kr. 7. Bifreiðaskattur um 1 millj. kr. 8. Aukatekjur um 1 millj. kr. 9. Stimpilgjöld um 2 millj. kr. 11. Söluskattur, að frádregnum hluta jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, um 17.4 millj. kr. 12. Innflutningsgjöld um 10 millj. kr. 13. Gjöld af bifreiðum og bifhjólum um 8 millj. kr. 14. Hluti af umboðspóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna um 2 millj. kr.

3. gr. A.

Rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverzlunar, að frádreginni 500 þús. kr. hækka um á framlagi til gæsluvistarsjóðs hækki um 9.5 millj. kr. Póstur og sími. Tekjuliðir hækka um 24.2 millj. kr. vegna breyttrar áætlunar. Gjaldaliðir hækka um sömu upphæð.

Samkvæmt þessum tillögum fjárveitinganefndar verður nettó hækkun tekjuáætlunar tæpar 72 millj. kr., en gjaldahækkunir tæpar 65 millj. kr.

Enn eru nokkur mál óafgreidd hjá nefndinni auk endurskoðunar 18. gr., sem að venju bíður 3. umr. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um styrki til flóabáta og vöruflutninga. Gjaldaliðir eiga því enn eftir að hækka sem því nemur.

Alþingi, 11. des. 1962.

Kjartan J. Jóhannson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.
Guðlaugur Gíslason.	Gunnar Gíslason. Jón Árnason.